

Gísli Baldvinsson, stjórn málafræðingur, náms- og starfsráðgjafi

Til stjórn skipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis nefndasvid@althingi.is

Mál: Kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur) 40. mál, lagafrumvarp 148. löggjafarþing 2017–2018.

Umsögn

Lýðræðisþátttaka er undirstaða þess stjórnkerfis sem við kjósum að hafa. All mikil umræða hefur nú þegar orðið í fræðasamfélaginu um lækkun kosningaaldurs þannig að það má ætla að sú umræða sé þroskuð.

Umræðan meðal almennings er rýrari þó skuggakosningar hafa verið framkvæmdar í grunn- og framhaldsskólum.

Rannsóknir Huldu Þórisdóttur [et al] sýna ánægju þátttakenda.

Það bendir því margt til að rétt skref sé að veita ungmennum kosningarétt á sveitarstjórnarstigi.

En það er einn þáttur sem þarf að styrkja og efla:

Stjórn málafræði sem námsgrein

Grunnskólinn

Í aðalnámsskrá grunnskólans

<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>

er alloft nefnt orðið "lýðræði" og þá í tengslum við mannréttindi. Þó lykilþættir námsins við lok grunnskóla [bls. 91] séu vel tíundaðir er að mínu mati ekki nægjanlega hnykkt mikilvægi lýðræðisþátttöku og kennslu í grunnþáttum stjórn málafræðinnar.

Samhliða lækkun kosningaaldurs þarf því að efla þessa þætti. Bent er á að miðað við sveitastjórnarkosningar í lok maí yrði nær helmingur nemenda í 10. bekk kominn með kosningarétt.

Framhaldsskólinn

Í formála að námsskrá framhaldsskólans segir menntamálaráðherra og núverandi forsætisráðherra:

-Miklu skiptir að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Þessum grunnþáttum er m.a. ætlað að bæta úr því. Mennta þarf hinn almenna borgara nægilega vel til þess að hann geti veitt valdhöfum eðlilegt aðhald, hvort sem þeir eru í fjármálalífínu, stjórn málum, fjölmiðum eða á öðrum sviðum. Skólar eru í raun einu

Gísli Baldvinsson, stjórn málafræðingur, náms- og starfsráðgjafi

stofnanir samfélagsins sem geta tryggt öllum uppvaxandi kynslóðum tækifæri til að búa sig undir þátttöku í virku lýðræði, þjálfa gagnrýna og skapandi hugsun og mæta ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum. (bls. 5)

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/>

Athygli vekur að orðið "stjórn mála" kemur tvisvar fyrir í námsskránni. Hitt atvikið er í lykilþáttum þekkingu við lok framhaldsskólans. [bls. 101]

Nánast eina kennsluefni um fræði stjórnmála er kennslubók Stefáns Karlssonar, sem hann telur sjálfur "komin til ára sinna".

Óformleg könnun meðal kennara minna í stjórnmála- og stjórnsýslusviði bendir til að þekking nemenda í stjórnskipan og fræðasviði fagsins mætti bæta á lægri skólastigum.

Hvet ég því virðulega nefnd stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd að leita gagna sem reisa eða fella stoðir fullyrðinga minna.

Helstu þættir erindis:

- Undirritaður er hlynntur lækkun kosningaaldurs með vissum skilyrðum
- Bæta þarf nám ungmenna og lýðræðisvitund samhliða lækkun kosningaaldurs
- Kanna þarf sérlega kosningaþátttöku ungmenna bæði með eigindlegum og meginndlegum aðferðum.

Undirritaður er svo reiðubúinn að mæta á fund nefndarinnar ef óskað er.

Með vinsemd og virðingu,



Gísli Baldvinsson, stjórn málafræðingur, náms- og starfsráðgjafi,

Bakkasmára 24 201-Kópavogi

gislibald@internet.is